

Starfslýsing, umhverfisfulltrúi

Starf

Umhverfisfulltrúi

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

4 klst. á mánuði á starfstíma skólans

Tilgangur og markmið starfs

- Að Menntaskólinn á Akureyri sé til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og fylgi settum lögum og reglugerðum til að ná markmiðum sínum
- Að leiða þátttöku MA í Grænfánastarfi, alþjóðlegu umhverfismenntunarverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi
- Að leiða þátttöku MA í Grænum skrefum í ríkisrekstri, verkefni fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna
- Að virkja nemendur og starfslíð skólans til þátttöku í umhverfismálum og veita fræðslu
- Að gera úrbætur í starfsemi skólans sem taka mið af því að minnka umhverfisáhrif, halda auðlinda- og efnanotkun í lágmarki, draga úr mengun og úrgangi eins og kostur er og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu
- Að vera í fararbroddi í umhverfismálum og fylgjast með framförum Akureyrarbæjar í þeim málaflokki
- Að skólinn fylgi stefnu ríkisins um vistvæn innkaup og velji umhverfismerktar vörur og þjónustu umfram aðrar og fari sparlega með ræstivörur

Helstu verkefni

- Stjórna fundum hjá umhverfisnefnd og sjá til þess að fundargerðir séu skráðar
- Gefa út fréttabréf á hvorri önn þar sem m.a. er farið yfir niðurstöður úr grænu bókhaldi og könnun á ferðavenjum, fréttir af viðburðum annarinnar og áminning um orkusparandi aðgerðir
- Fylgjast með orkunotkun, stilla ofnkrana og loftræsta svo orkunotkun til upphitunar verði sem hagkvæmust. Stuðla að sem hagkvæmasti lýsingu í húsnæði skólans utan sem innan
- Gera matarsóunarkönnun í mötuneyti starfsmanna á hverri önn
- Skila grænu bókhaldi
- Gera könnun árlega á ferðavenjum, fyrir nemendur og starfsfólk til skiptis
- Vekja athygli á Degi umhverfis 26. apríl ár hvert

Starfslýsing, umhverfisfulltrúi

- Halda samgönguviku 16. -22. september ár hvert
- Taka þátt í grænfánastarfi
- Taka þátt í Grænum skrefum

Ábyrgð

Umhverfisfulltrúi ber ábyrgð á að umhverfis- og loftlagsmál séu alltaf ofarlega á baugi og að veita fræðslu og aðhald til þess að allir nemendur og starfsmenn fylgi umhverfis- og loftlagsstefnu skólans.

Menntun, reynsla og hæfni

Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Umhverfisfulltrúa er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttssýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er umhverfisfulltrúa að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en umhverfisfulltrúi stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Umhverfisfulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.